

Sp.

344. Tillaga til þingsályktunar

[162. mál]

um könnun á áhrifum af ákvæðislaunakerfum.

Flm.: Guðrún Hallgrímsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir könnun á heilsufarslegum og félagslegum áhrifum af ákvæðislaunakerfum (afkastahvetjandi launakerfum) á það fólk, sem tekur laun samkvæmt þeim.

Niðurstöður skulu liggja fyrir eigi síðar en að ári liðnu.

Að rannsókn lokinni skal ríkisstjórnin, ef þurfa þykir, beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á vinnuskilyrðum þess verkafólks, er hlut á að máli, í samráði við samtök þess.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur komist á í ýmsum starfsgreinum ýmiss konar fyrirkomulag launagreiðslna, sem víkja frá hefðbundnu tímakaupi eða öðrum hliðstæðum launaformum, og er í þessu sambandi oft talað um afkastahvetjandi launakerfi, en meginatriði þeirra eru einhvers konar ákvæði um afköst og tengsl þeirra við laun. Notkun þessara launakerfa er yfirleitt studd þeim rökum, að þau leiði til framleiðniaukningar hjá fyrirtækjum og til kjarabóta fyrir launafólk. Þeim starfshópum fer sífellt fjölgandi sem vinna eftir þessum kerfum, enda þótt litlar upplýsingar liggi fyrir um áhrif þeirra á heilsu verkafólks og félagsleg samskipti þess.

Verulega hefur skort á að hér á Íslandi hafi farið fram efnislegar umræður um þessi mál. Hins vegar hefur verkalyðshreyfingin að sjálfsögðu veitt athygli þeim vandamálum sem upp hafa sprott, sbr. ályktunartillögu á þingi Verkamannasambands Íslands 1977, þar sem farið var fram á „könnun á því með tilliti til vinnuverndar og heilsuverndar, hvað hinn langi vinnutími verkafólks og hið þunga ákvæðisvinnuálag kann að hafa og hefur haft á heilsufar og lífsorku þess“.

Um framkvæmd þessara launakerfa liggur fátt eitt fyrir. Þó er í gildi samningur milli Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 29. jan. 1972 sem nefnist „Leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd vinnurannsókna.“

Í grannlöndum okkar hefur hins vegar verið mikil umræða um þessi launakerfi og víða hafa farið fram rannsóknir á áhrifum þeirra. Um leið og hér er lagt til, að könnuð verði áhrif ákvæðislaunakerfa hérlendis, er gagnlegt að hafa til hliðsjónar reynslu verkafólks í öðrum löndum um þessi efni. Hér verður ekki farið út í að lýsa einstökum ákvæðislaunakerfum, þar sem slík lýsing mundi aðeins leiða hugann frá aðalatriðinu, sem er hlutlæg rannsókn á áhrifum þessara kerfa.

Í ljósi umræðna um aukin áhrif verkafólks á vinnuumhverfi sitt, í smáu sem stóru, virðist margt benda til þess, að raunveruleg áhrif verkafólks á mótun hinna ýmsu launakerfa séu oft á tíðum hverfandi litil. Og enda þótt leitast hafi verið við að fræða trúnaðarmenn verkafólks um tæknilega hlið launakerfanna á sérstökum námskeiðum, hefur sú fræðsla í takmörkuðum mæli náð til verkafólksins sjálfs. Algengt er að heyra verkafólk kvarta undan því, að það skilji ekki þá útreikninga er liggja að baki greiddum launum. Þess eru jafnvel dæmi, að fólk eigi í erfiðleikum með að lesa úr launaseðlum sínum. Við slíkar aðstæður er auðsætt, að verkafólk hefur nánast engin skilyrði til að hafa áhrif á þau atriði, sem lögð eru til grundvallar við mælingu á afköstum.

Í þeirri takmörkuðu umræðu, sem hér hefur átt sér stað um ákvæðislaunakerfi, hefur m. a. komið fram að ýmislegt megi að framkvæmd þeirra finna. Bent hefur verið á innbyrðis ósamræmi á sama vinnustað og á milli vinnustaða. Þá hafa einnig komið fram efasemdir um skilgreiningu hinna svonefndu málsafkasta, en á þeim byggjast tengslin milli afkasta og launa. Þá er talað um að í þeim tilvikum, þar sem tillit er tekið til nýtni og vinnugæða, sé stjórnun og eftirliti áfátt. Sumir hafa kveðið svo sterkt að orði, að þegar á heildina sé litið skapi ákvæðislaunakerfi fleiri vandamál en þeim er ætlað að leysa.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, virðist brýnt að kanna eftirfarandi:

- Hve stór hluti verkafólks í landinu vinnur eftir ákvæðislaunakerfum, hvaða kerfi og afkastamælikvarðar eru notuð í einstökum greinum?
- Hver eru heilsufarsleg áhrif ákvæðislaunakerfa með tilliti til slitsjúkdóma, streitu og slysatíðni?
- Hver eru áhrif ákvæðislaunakerfa á samstarf fólks á vinnustað, á meðalstarfsaldur í viðkomandi grein og skiptingu í aldurshópa svo og á þátttöku yngra og eldra fólks í atvinnulífi?